

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 6. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Um verzlun með fóðurvörur.****1. gr.**

Hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal vera fóðureftirlit, er hafi á hendi eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem seldar eru á innlendum markaði, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Rannsóknastofnunin annast allar rannsóknir (efna-, smásjár- og gerlarannsóknir) í sambandi við eftirlitið og sér um töku sýnishorna hjá framleiðendum, innflytjendum og kaupendum eftir því, sem þörf krefur á hverjum tíma.